

Prófstjórn gefur út prófskírteini til þeirra sem staðist hafa próf þar sem fram kemur í hvaða máli og í hvaða þáttum prófs próftaki hefur staðist próf. Ráðherra veitir löggildingu að fenginni umsókn próftaka og greiðslu löggildingargjalds samkvæmt aukatekjulögum.

7. gr.

Nú er ekki kostur á prófdómendum í tungumáli sem sótt er um löggildingu í og má þá, ef sérstaklega stendur á, veita hana á grundvelli háskólaprófs og verulegrar reynslu í þýðingum, enda leggi umsækjandi fram fullnægjandi gögn þar um og prófstjórn mæli með því. Einnig er heimilt að veita löggildingu án prófs á grundvelli erlendar löggildingar ef annað þeirra tungumála sem hún nær til er íslenska og prófstjórn mælir með því.

8. gr.

Heimilt er að veita löggildingu til starfa sem dómtúlkur fyrir heyrnarlausa. Þeir sem óska slíkrar löggildingar skulu sanna hæfni sína fyrir prófnefnd. Gilda ákvæði reglugerðar þessarar um slíkt próf eftir því sem við á.

9. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um dómtúlka og skjalþýðendur nr. 148 20. desember 2000 öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð um sama efni nr. 26 16. janúar 1989.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. nóvember 2001.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

AUGLÝSING

um umferð í Vesturbyggð.

Lögreglustjórinn á Patreksfirði hefur ákveðið, að fengnum tillögum bæjarstjórnar Vesturbyggðar samkvæmt 2. og 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 að:

Patreksfjörður:

Einstefna á Aðalstræti í suður frá vegamótum við Urðargötu að lóð nr. 62 við Aðalstræti er felld úr gildi, og umferð leyfð í báðar áttir.

Setja ber upp viðeigandi umferðarmerki vegna ákvörðun þessarar, sbr. 85. gr. umferðarlaga.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn á Patreksfirði, 5. nóvember 2001.

Pórólfur Halldórsson.